



SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS

Úthlutunarreglur
Uppbyggingarsjóðs Austurlands
2026

Efnisyfirlit

Um sjóðinn.....	3
Styrkir og áherslur.....	3
Úthlutunarreglur.....	4
Styrkhæfur kostnaður	6
Uppbyggingarsjóður styrkir ekki	6
Mat umsókna	7
Skilmálar.....	8

Um sjóðinn

Uppbyggingarsjóður Austurlands er samkeppnissjóður sem starfar á grundvelli samnings um Sóknaráætlun Austurlands og reglugerðar nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra og gildandi úthlutunarreglna sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar sem falla að markmiðum Sóknaráætlunar Austurlands 2025–2029 og stuðla að jákvæðri samfélags- og byggðapróun á Austurlandi. Auglýst er opinberlega eftir umsóknum að minnsta kosti einu sinni á ári og er að jafnaði úthlutað úr sjóðnum einu sinni á ári. Austurbrú annast umsýslu Uppbyggingarsjóðs Austurlands í umboði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Styrkir og áherslur

Veittir eru styrkir í eftirfarandi flokkum:

1. **Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir** til verkefna sem stuðla að atvinnuþróun, nýsköpun og verðmætasköpun á Austurlandi.
2. **Menningarstyrkir** til afmarkaðra verkefna á sviði lista, menningar og samfélags.
3. **Stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar** eru ætlaðir lögaðilum sem hafa lista- eða menningarstarfsemi að meginstarfsemi og reka starfsemi sína allt árið á Austurlandi.* Styrknum er ætla að styðja starfsemi sem byggir á fagmennsku, skýrri framtíðarsýn og sterkri hugsjón sem einkennist af þróun, framsækni og viðleitni til sérstöðu. Í auglýsingu hvers árs kemur fram hvort opið er fyrir umsóknir um slíka styrki.

* Með starfsemi allt árið er átt við samfellda starfsemi sem ekki takmarkast við einstakan viðburð eða tímabundið verkefni. Við mat á umfangi og stöðugleika starfseminnar er meðal annars litið til starfsmannahalds, opnunartíma og verkefna yfir árið.

Umsóknir skulu falla að markmiðum Sóknaráætlunar Austurlands 2025–2029. Stjórn SSA getur ákveðið sérstakar áherslur fyrir einstaka úthlutun. Þær skulu ákveðnar áður en auglýst er eftir umsóknum og koma fram í auglýsingu sjóðsins og matsviðmiðum viðkomandi úthlutunar.

Úthlutunarreglur

Umsóknum skal skilað rafrænt í umsóknargátt Uppbyggingarsjóðs Austurlands innan auglýsts umsóknarfrests og samkvæmt leiðbeiningum sjóðsins. Umsókn skal innihalda skýra lýsingu á verkefninu og markmiðum þess, verk- og tímaáætlun og sundurliðaða kostnaðar- og fjármögnunaráætlun. Úthlutunarnefnd er heimilt að hafna umsókn teljist hún ekki útfyllt á fullnægjandi hátt og er þá ekki tekin til efnislegrar meðferðar. Ákvörðun úthlutunarnefndar um styrkveitingu er endanlega og ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum. Hægt er að óska eftir rökstuðningi varðandi synjun umsókna.**

1. Umsækjendur í Uppbyggingarsjóð Austurlands geta verið: lögráða einstaklingar og lögaðilar með lögheimili á Austurlandi eða sterka tengingu við landshlutann.
2. Umsækjandi skal sýna fram á að minnsta kosti 50% mótframlagi á móti styrk sjóðsins. Umsækjandi skal gera skýra grein fyrir fjármögnun þess kostnaðar sem ekki er fjármagnaður af sjóðnum, svo sem með eigin vinnuframlagi, fjárframlagi eða öðrum framlögum. Tilgreina skal samstarfsaðila, hlutverk þeirra og framlag, þegar við á. Ekki er gerð krafa um að skrifleg staðfesting samstarfsaðila fylgi umsókn, en sjóðurinn getur kallað eftir staðfestingu á samstarfi eða fjármögnun áður en samningur um styrkveitingu er gerður.
3. Umsækjanda er heitið trúnaði varðandi umsókn en birtur verður opinberlega listi yfir styrkþega, heiti verkefna, stutt lýsing á verkefni, styrkupphæðir og heildar kostnað.
4. Umsækjandi skal hafa gengið frá lokaskýrslu vegna fyrri styrks áður en sótt er um nýjan styrk, hvort heldur er til framhaldsverkefnis eða nýs verkefnis. Austurbrú getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði ef fyrra verkefni er langt komið, enda sé fullnægjandi lokaskýrslu skilað innan þess frests sem Austurbrú ákveður og áður en ný umsókn er tekin til endanlegrar afgreiðslu. Undantekningar frá þessari reglu þarf að sækja um til Austurbrúar uppbbyggingarsjodur@austurbru.is.
5. Umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis. Verkefni skal að jafnaði ekki standa yfir lengur en í eitt ár. Vegna langtímaverkefna skal gera grein fyrir áföngum verkefnis og sækja um styrk fyrir afmörkuðum hluta þess sem ljúka eigi á verkefnaári úthlutunar. Úthlutun til eins hluta verkefnis sem stendur yfir í lengri tíma en eitt ár, er ekki trygging fyrir áframhaldandi stuðningi úr sjóðnum.
6. Umsækjendur samþykkja skilmála Uppbyggingarsjóðs við skil á umsókn. Þar er tekið fram hvernig staðið er að styrkveitingum og hvaða breytingar kunna að verða, t.d. ef úthlutun verður lægri en sótt var um.
7. Styrkir eru greiddir samkvæmt skilmálum sjóðsins og lokagreiðsla fer aðeins fram eftir að fullnægjandi lokaskýrsla hefur verið skilað. Styrkir greiðast í tvennu lagi; 60% þegar fjármagn til sjóðsins hefur borist Austurbrú og 40% eftir fullnægjandi skil lokaskýrslu ásamt viðeigandi fylgiskjölum hefur verið samþykkt.

8. Í lokaskýrslu skal gera grein fyrir framkvæmd og árangri verkefnisins, fjármögnun þess og kostnaði. Jafnframt skal gera grein fyrir frávikum frá samþykkttri umsókn, þar á meðal breytingum á umfangi, verkáætlun, kostnaði eða fjármögnun. Með lokaskýrslu skulu fylgja afrit reikninga og önnur gögn sem staðfesta útlagðan kostnað eða vinnuframlag vegna verkefnisins. Lokaskýrsla er forsenda lokagreiðslu. Úthlutunarnefnd getur hafna lokagreiðslu ef verulegar breytingar eða tafir hafa orðið á verkefninu. Fyrirsjáanlegar og verulegar breytingar skulu bornar skriflega undir Austurbrú áður en ráðist er í þær á netfangið uppbýggingarsjodur@austurbru.is. Verði verkefni ekki lokið innan samþykktts verkefnatíma skal styrkþegi óska skriflega eftir fresti áður en verkefnatímanum lýkur. Beiðninni skulu fylgja skýringar á töfum og endurskoðuð tímaáætlun. Úthlutunarnefnd tekur ákvörðun um frest og getur felld niður ógreiddan hluta styrks eða krafist endurgreiðslu ef beiðni er hafnað eða forsendur styrkveitingarinnar eru ekki lengur uppfylltar.
9. Styrkþegar sem hljóta stofn- og rekstrarstyrk á sviði menningar skulu fyrir hvert styrkár skila sjóðnum ársskýrslu og ársreikningi. Þar skal gera grein fyrir helstu verkefnum og árangri starfseminnar, tekjum og gjöldum og framvindu miðað við þau markmið og áætlanir sem styrkveitingin byggðist á.
10. Úthlutunarnefnd getur felld niður ógreiddan hluta styrks eða krafist endurgreiðslu styrks að hluta eða öllu leyti ef ekki er fallist á skýringar vegna tafa eða verulegra breytinga á verkefni. Breyting telst veruleg ef hún hefur áhrif á markmið, eðli, umfang, framkvæmd eða fjármögnun verkefnis með þeim hætti að verkefnið uppfyllir ekki lengur markmið eða úthlutunarreglur sjóðsins eða forsendur faglegs mats hafa breyst verulega.
Hafi styrkur verið ofgreiddur, meðal annars vegna mistaka eða rangra upplýsinga, er sjóðnum heimilt að krefjast endurgreiðslu. Styrkþegi skal tilkynna Austurbrú án tafar með tölvupósti til uppbýggingarsjodur@austurbru.is verði hann var við ofgreiðslu og endurgreiða hana samkvæmt fyrirmælum sjóðsins. Sé endurgreiðslukröfu ekki sinnt er sjóðnum heimilt að innheimta kröfuna.
11. Með umsókn í Uppbýggingarsjóð staðfestir umsækjandi, með vísan til reglugerðar ESB nr. 1407/2013 um minniháttar aðstoð (de minimis aid), að opinber stuðningur vegna verkefnisins fer ekki yfir 300.000 evrur samanlagt, að meðtöldum þeim stuðningi sem sótt er, á tveimur næstliðnum reikningsárum og yfir standandi reikningsári.
12. Úthlutunarreglur endurskoðast árlega og eru samþykktar af stjórn SSA.

****Úr lögum nr. 37/1993: 21. gr. HVENÆR VEITA SKAL RÖKSTUÐNING.** Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef: 1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti. 2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum. 3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst.

Styrkhæfur kostnaður

Styrkur úr Uppbyggingarsjóði má aðeins nýta til greiðslu styrkhæfs kostnaðar sem kemur fram í samþykkttri kostnaðaráætlun og fellur til á verkefnatíma. Styrkhæfur kostnaður skal vera nauðsynlegur og tengjast framkvæmd verkefnisins með beinum hætti.

Sá hluti styrkhæfs kostnaðar sem sjóðurinn fjármagnar skal að lágmarki nema fjárhæð styrksins. Ekki er gerð krafa um að allur annar kostnaður verkefnisins teljist styrkhæfur samkvæmt reglum sjóðsins.

Eftirfarandi kostnaður getur talist styrkhæfur:

Laun og launatengd gjöld

Vinnuframlag miðast við unnar stundir umsækjanda eða samstarfsaðila og er viðmiðunartaxti á hverja vinnustund 6.100 kr. Heimilt er að reikna með öðrum taxta sem gildir fyrir þátttakendur í hverju tilviki fyrir sig, þó ekki lægri en viðmiðunar taxta. Halda skal tímaskýrslur yfir vinnu við verkefnið og skal skila þeim inn með öðrum skjölum vegna kostnaðar við verkefnið. Athuga skal að þiggi samstarfs aðili greiðslu fyrir sína vinnu að hluta, fer sá kostnaður undir aðkeypta þjónustu.

Ferða- og fundakostnaður

Nauðsynlegur ferða- og fundakostnaður vegna framkvæmdar verkefnis getur talist styrkhæfur. Í umsókn skal gera grein fyrir tilgangi ferða, áfangastað og áætluðum kostnaði. Leitast skal við að velja hagkvæman og umhverfisvænan ferðamáta.

Aðkeypt þjónusta

Í umsókn skal skilgreina aðkeypta þjónustu eða ráðgjöf; hvaðan þjónustan er keypt, hvað felst í henni, kostnað og áætlaðan afrakstur. Vinna umsækjanda eða samstarfsaðila fellur ekki undir aðkeypta þjónustu.

Tæki, tól, aðföng og búnaður

Kostnaður vegna aðfanga og sérhæfðs búnaðar getur talist styrkhæfur ef sýnt er fram á að hann sé nauðsynlegur fyrir framkvæmd verkefnisins. Almennur skrifstofu- og rekstrarbúnaður er ekki styrkhæfur.

Kaup á sérhæfðum búnaði skulu rökstudd sérstaklega. Við mat á slíkum kostnaði er meðal annars litið til:

- nauðsynjar búnaðarins fyrir verkefnið
- sérhæfingar og áætlaðrar nýtingar hans
- staðsetningar og aðgengis að búnaðinum
- áhrifa kaupanna á þróun atvinnulífs eða byggðarlaga
- nýnæmis verkefnisins
- hagkvæmni kaupa samanborið við leigu eða aðrar lausnir

Sé kaupverð búnaðar verulegur hluti af heildarkostnaði verkefnis skal umsókn fylgja verðtilboð og eftir atvikum samanburður á búnaði og rökstuðningur fyrir kaupum fremur en leigu.

Uppbyggingarsjóður styrkir ekki

- kaup á hlutabréfum, skuldabréfum, lóðum eða fasteignum
- kaup á fastafjármunum eða búnaði til almenns rekstrar, svo sem skrifstofu- og tölvubúnaði. Þó er heimilt að styrkja nauðsynlegan sérhæfðan búnað sem uppfyllir skilyrði kaflans um styrkhæfan kostnað
- almennan eða daglegan rekstur umsækjanda, nema sótt sé um stofn- og rekstrarstyrk á sviði menningar
- leyfis-, skráningar- eða vottunargjöld
- kostnað sem fellur til fyrir upphaf samþykks verkefnatíma
- kostnaðarliði sem þegar eru fjármagnaðir að fullu með öðrum styrkjum eða opinberum framlögum
- verkefni eða kostnað sem brýtur gegn lögum, þar á meðal 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og gildandi reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð
- verkefni sem falla með skýrum hætti undir lögbundið hlutverk umsækjanda eða hefðbundna starfsemi hans, nema í verkefninu felist verulegt nýnæmi eða samstarf umfram hefðbundið hlutverk
- að jafnaði verkefni sem falla með skýrum hætti undir hlutverk annarra opinberra sjóða.

Mat umsókna

Umsóknir eru metnar á grundvelli úthlutunarreglna Uppbyggingarsjóðs Austurlands, markmiða Sóknaráætlunar Austurlands 2025–2029 og birtra matsviðmiða sjóðsins.

Við mat allra umsókna er meðal annars litið til gæða og skýrleika verkefnislýsingar, raunhæfni verk-, tíma-, kostnaðar- og fjármögnunaráætlunar, fyrirhugaðs afraksturs, tengsla við Sóknaráætlun Austurlands, samfélagslegra áhrifa og hæfni þeirra sem standa að verkefninu. Einnig er litið til hlutverks og ávinnings samstarfsaðila þegar við á.

Auk almennra matsþátta er litið til eftirfarandi þátta eftir styrkjarformi:

- **Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir:** Nýnæmis og atvinnu- og nýsköpunargildis verkefnisins, þar á meðal mögulegrar atvinnusköpunar, afleiddra áhrifa, aukinnar fagmennsku og fjölbreytni í atvinnulífi á Austurlandi.
- **Menningarstyrkir:** Nýnæmis og listræns eða menningarlegs gildis verkefnisins, þar á meðal faglegs og listræns samhengis þess og áhrifa á menningarlíf og samfélag á Austurlandi.
- **Stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar:** Fagmennsku, markmiða og framtíðarsýnar umsækjanda, menningarlegs og samfélagslegs gildis starfseminnar fyrir Austurland og þess hvernig starfsemin stuðlar að þróun, framsækni og sérstöðu í menningarstarfi.

Umsóknir eru metnar samkvæmt sérstöku matsblaði, fyrir hvert styrkjarform, þar sem koma fram matsþættir, vægi þeirra, einkunnaskali og lágmarkskröfur. Matsblöðin skulu samþykkt af stjórn SSA og birt áður en opnað er fyrir umsóknir.

Skilmálar

Með umsókn sinni samþykkir umsækjandi þá skilmála sem fram koma í úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs, og að verkefnið verði unnið í samræmi við þá verkefnislýsingu og verkáætlun sem fylgdi umsókninni, eða eftir endurskoðaðri áætlun sem hlotið hefur samþykki sjóðsins. Í kynningu og opinberri umfjöllun um verkefnið skal getið um stuðning frá Sóknaráætlun, þegar það á við.

Styrkþegi og forsvarsmaður verkefnis bera ábyrgð á framkvæmd þess og skulu tryggja að öll tilskilin leyfi, notkun heimilda og aðrir lögbundnir þættir séu í lagi. Þeir bera jafnframt fjárhagslega ábyrgð á bókhaldi og framtalsskyldum verkefnisins. Uppbyggingarsjóður áskilur sér rétt til aðgangs að bókhaldi verkefnisins, ef þess er óskað.

Greiðslufyrirkomulag styrks fer samkvæmt úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs.

Póstlisti Austurbrúar: Með því að haka við samþykkir umsækjandi að Austurbrú megi hafa samband og bæta honum við póstlista sinn. Á póstlistanum eru eingöngu sendar upplýsingar sem gætu verið umsækjendum gagnlegar, svo sem um námskeið, hraðla, sjóði og önnur tækifæri eða viðburði sem nýtast í atvinnu- og verkefnaþróun. Austurbrú sinnir öflugum atvinnu- og samfélagsþróunarstarfi og miðlar þar með mikilvægum upplýsingum til umsækjenda.